



Félagsráðgjafafélag Íslands
The Icelandic Association of Social Workers

SKÝRSLA STJÓRNAR

Starfsárið 2022-2023

Steinunn Bergmann, formaður
Anna Guðrún Halldórsdóttir, varaformaður
Hafdís Gerður Gísladóttir, gjaldkeri
Sigurlaug Hrefna Traustadóttir, ritari
Arndís Tómasdóttir, meðstjórnandi
Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, meðstjórnandi
Kristín Þórðardóttir, meðstjórnandi

Efnisyfirlit

1. Almennt um Félagsráðgjafafélag Íslands	3
<i>Fjöldi félagsfólks 2022</i>	3
<i>Starfsfólk Félagsráðgjafafélags Íslands.....</i>	3
<i>Áherslur stjórnar 2022-2023</i>	3
<i>Starf fagdeilda og landshlutadeilda FÍ starfsárið 2022-2023</i>	5
<i>Starf nefnda FÍ starfsárið 2022-2023</i>	5
<i>Starf aðgerðahóps FÍ starfsárið 2022-2023</i>	5
2. Fundir og móttökur	6
<i>Fundir stjórnar</i>	6
<i>Aðalfundur Félagsráðgjafafélags Íslands 2022.....</i>	6
<i>Móttaka félagsráðgjafanema og samstarf við Félagsráðgjafardeild HÍ</i>	6
<i>Boð fyrir félagsráðgjafa á eftirlaunum.....</i>	6
3. Kjara- og vinnumarkaðsmál.....	6
<i>Kjaraviðræður.....</i>	6
<i>Starfsmat og stofnanasamningar</i>	7
<i>Vinnumarkaðsmál</i>	7
4. Tímarit félagsráðgjafa.....	7
5. Fagpólitíkin.....	8
<i>Umsagnir um þingmál og frumvörp</i>	8
<i>Ályktanir og umsagnir um skýrslur og stefnumál</i>	10
<i>Fundir með ráðherrum, fulltrúum ráðuneyta og stjórnendum í velferðarþjónustu</i>	10
6. Erlent samstarf.....	11
<i>NSSK (Nordisk socionomers samarbets kommité)</i>	11
<i>IFSW (International Federation of Social Workers) og IFSW Europe.....</i>	11
<i>Norræn samtök háskólabandalaga</i>	11
7. Fræðsla og ráðstefnur	12
<i>Félagsráðgjafaþing 2022 – seinni hluti</i>	12
<i>Félagsráðgjafaþing 2023</i>	12
<i>Málþing.....</i>	13
<i>Morgunverðarfundur</i>	13
<i>Samstarf við Endurmenntun HÍ.....</i>	13
8. Tillögur og áætlanir um störf félagsins 2023-2024	14

1. Almennt um Félagsráðgjafafélag Íslands

Fjöldi félagsfólks 2022

Alls voru **588** félagar í FÍ við lok árs 2022 og voru konur í miklum meirihluta eða 558 og 30 karlar (5,1%). Félagsráðgjafar með stéttarfélagsaðild voru 565 og með fagaðild voru 23.

Starfsfólk Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann formaður í 100% starfi og Eldey Huld Jónsdóttir framkvæmdastjóri í 100% starfi til 1. maí 2023.

Áherslur stjórnar 2022-2023

Starfsemi félagsins hefur verið að færast í samt horf eftir Covid-19 heimsfaraldurinn en þó hafa rafrænar lausnir haldið sér á mörgum sviðum. Stjórnarfundir voru bæði rafrænir og á staðnum, sama á við um viðræður vegna stofnanasamninga og annarra kjaramála, fundir með félagsfólki og fræðsla sem og samstarf við BHM, önnur aðildarfélög og Félagsráðgjafardeild HÍ. Starfsfólk félagsins hefur áfram unnið að stórum hluta að heiman vegna loftgæða í húsnæði félagsins. Þrátt fyrir að lögverndun starfa félagsráðgjafa hafi náðst í október 2018, þegar ný ákvæði tóku gildi í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, fylgist stjórn áfram með auglýsingum og ráðningum í störf á grundvelli laganna. Félagið hefur í umsögnum sínum um þingmál og lagafrumvörp sem varða heilbrigðisþjónustu lagt áherslu á mikilvægi félagsráðgjafar í heilsugæslu og þverfaglegri geðheilbrigðisþjónustu. Þá kom fram þingsályktunartillaga til Alþingis í september 2022 um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum sem félagið styður við, tillagan var fyrst lögð fram árið 2020 en hlaut ekki brautargengi og hefur verið endurflutt ítrekað. Skýrsla stjórnar gefur yfirlit yfir störf félagsins en hér eru helstu verkefni dregin fram:

Stéttarfélagið. Áhersla hefur verið á undirbúning og viðræður vegna kjarasamninga sem losnuðu 31. mars sl. Vinna við að útfæra bókun 15 og bókun 8 í kjarasamningum FÍ við Reykjavíkurborg annars vegar og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar, hefur haldið áfram en markmiðið er að bregðast við breytingum á starfsumhverfi félagsráðgjafa, skilgreina og þróa viðmiðunarmörk fyrir umfang í störfum félagsráðgjafa til að tryggja gæði þjónustunnar. Um er að ræða sameiginlegt verkefni til að skoða hvort málavog í barnavernd sem þróuð hefur verið af hálfu Barnaverndarstofu geti nýst innan félagsþjónustu. Samstarfsnefndir skipuðu vinnuhóp með tveimur fulltrúum hvers aðila sem halda utan um vinnuna sem átti að ljúka í september 2022 en hefur haldið áfram þar sem lengri tíma þarf til að prófa mælitækið. Hópur félagsráðgjafa sem starfar á mismunandi sviðum innan félagsþjónustu vann að þróun mælitækis sem nokkur sveitarfélög hafa prófað og veitt endurgjöf og verður því haldið áfram. Starfsmat hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögunum er viðvarandi verkefni þar sem ný störf koma til eða eldri störf endurmetin en meðal annars var nýtt starfsheiti *skólafélagsráðgjafi* stofnað í starfsmati sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar. Á starfsárinu var undirritaður endurnýjaður stofnanasamningur við Sjúkrahúsið á Akureyri, Vinnumálastofnun og nýr stofnanasamningur við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Þá leituðu félagsmenn eftir liðsinni varðandi ýmiss mál.

Sýnileiki félagsráðgjafar. Áhersla hefur verið á umsagnir um þingmál og frumvörp auk funda með ráðherrum og stjórnendum í velferðarþjónustu. Fagdeild fræðslu- og skólafélagsráðgjafa hélt málþing í nóvember 2022 í samstarfi við Félagsráðgjafafélag Íslands og Félagsráðgjafardeild HÍ og Félagsráðgjafafélagið hélt annað málþing í nóvember í samstarfi við fagdeild fjölmenningsráðgjafa. Félagið var síðan með aðventufund 9. desember

2022 í tilefni alþjóða mannréttindadagsins í samstarfi við fagdeildir félagsráðgjafa í félagsþjónustu og málefnum fatlaðra. Yfirskrift fundarins var *Tækifæri fyrir öll*. Félagráðgjafafingrið hefur verið árviss viðburður á vegum félagsins frá árinu 2014 og lögð áhersla á að auglýsa það í fjölmiðlum til að auka sýnleika félagsins. Leitað hefur verið til almanna tengslafyrirtækis sem hefur skilað nokkrum viðtölum dagana í kringum þingið. Alþjóðadagur félagsráðgjafar er einnig mikilvægur vettvangur til að auka sýnleika félagsráðgjafar.

Félagráðgjafafing. Ekki tókst að halda níunda Félagráðgjafafingrið 18. febrúar 2022 með hefðbundnum hætti og því var boðið upp á rafræna dagskrá með lykilfyrirlesurum en málstofum frestað og boðið til framhaldsþings 13. maí 2022. Seinni hlutinn færðist því yfir á starfsárið 2022-2023 sjá umfjöllun á bls. 12. Félagráðgjafafing 2023 var haldið með hefðbundnum hætti 17. febrúar 2023 og sem fyrr í samstarfi við Félagráðgjafardeild HÍ og Ís-Forsa. Yfirskrift þingsins var *Vinnuumhverfi, valdefling og tækni* og var dagskráin fjölbreytt. Lykilfyrirlesarar voru þrír, Pia Tham, prófessor í félagsráðgjöf við háskólann í Gävle í Svíþjóð, Bengt Anderson, verkefnastjóri hjá Norrænu velferðarmiðstöðinni, og Ana Radulescu, formaður Evrópuþingar Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa, IFSW. Að lokum var Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðgjafi var með erindi. Eftir hádegishlé voru 18 málstofur með fjölbreyttum erindum, sjá nánar umfjöllun um þingið á bls. 12.

Alþjóðadagur félagsráðgjafar. Í tilefni af Alþjóðadegi félagsráðgjafar 21. mars 2023 hittust félagsráðgjafar á Austurvelli og afhentu Guðmundi Inga Guðbrandssyni, félags- og vinnumarkaðsráðgjafi, og Ingibjörgu Isaksen, formanni þingflokks Framsóknarflokksins í fjarveru Sigurðar Inga Jóhannssonar innviðaráðgjafa, áskorun frá Félagráðgjafafélagi Íslands og örsögur. Aðgerðahópur FÍ skipulagði dagskrána og var samstíga um að vekja athygli á alvarlegri stöðu í húsnæðismálum og áhrifum hennar á viðkvæma hópa sem félagsráðgjafar hitta í sínum daglegu störfum. Leitað var til félagsráðgjafa um að senda örsögur úr starfi og bárust alls 25 sögur frá félagsráðgjöfum sem starfa innan margvíslegra sviða félagsráðgjafar. Þennan dag tóku félagsráðgjafar um allan heim höndum saman til að vekja athygli á mikilvægi félagsráðgjafar og koma á framfæri sameiginlegum skilaboðum: *Virðum fjölbreytileika með sameiginlegum félagslegum aðgerðum*. Aðgerðahópurinn var skipaður í kjölfar aðalfundar Félagráðgjafafélags Íslands 2022 þar sem var ákveðið að skipa aðgerðahóp sem hefur meðal annars það hlutverk að hvetja félagsráðgjafa til þess að láta til sín taka í samfélagsmálum. Áskorunin og örsögurnar voru sendar fjölmiðlum, þingmönnum og borgarfulltrúum Reykjavíkurborgar og eru jafnframt aðgengilegar á vefsíðu félagsins undir frétt um viðburðinn.

Efling starfs fagdeilda og aukin áhersla á fræðslu á vegum FÍ. Stjórn fundaði með fagdeildum í október 2022 þar sem farið var yfir starfsemi fagdeildanna og fræðsluáætlun. Stjórn fór jafnframt yfir starfsreglur deilda og nefnda. Eins og fram hefur komið voru haldin tvö málþing í nóvember í samstarfi við tvær fagdeildir. Jafnframt var leitað til tveggja fagdeilda vegna undirbúnings aðventufundar félagsins í tilefni alþjóða mannréttindadagsins.

FÍ hefur stutt við innleiðingu Signs of Safety innan barnaverndar í samstarfi við Barnaverndarstofu, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og Félagráðgjafardeild Háskóla Íslands til að efla félagsráðgjöf innan barnaverndar. Signs of Safety var kynnt á félagsráðgjafafingri 2020 og vinnusmiðja haldin í tengslum við þingið. Innleiðingaráætlun liggur fyrir og hefur Starfsþróunarsetur háskólamanna gefið vilyrði fyrir því að styrkja verkefnið. Vegna skipulagsbreytinga þar sem Barnaverndarstofa var lögð niður og verkefni

færð yfir til nýrrar Barna- og fjölskyldustofu 1. janúar 2022 hefur innleiðing Signs of Safety tafist en í drögum að Framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar til ársins 2026 eru áform um að hefja verkefnið.

Starf fagdeilda og landshlutadeilda FÍ starfsárið 2022-2023

Fagdeildirnar eru mjög mikilvægar í öllu starfi félagsins. Markmiðið er að fagdeildir standi árlega fyrir fræðsluviðburði/um og haldi erindi á Félagsráðgjafafingi. Einnig eru fagdeildirnar flestar með Facebook hóp til að halda utan um starf sinnar deildar, kynna viðfangsefni hennar fyrir félagsmönnum og efla umræðu á viðkomandi málsviði. Fagdeildir geta fengið aðstoð frá skrifstofu við að undirbúa fræðslufundi og sækja um styrk til Starfsþróunarseturs vegna þeirra.

Innan félagsins starfa 12 fagdeildir og voru þær flestar með málstofu á Félagsráðgjafafingi. Tvær fagdeildir héldu málþing í nóvember í samstarfi við félagið eins og áður hefur komið fram, fagdeild í skólafélagsráðgjöf og fagdeild fjölmeningarfélagsráðgjafa. Auk þess komu fagdeildir í félagsþjónustu og málefnum fatlaðra að undirbúningi aðventufundar FÍ. Sjá nánar umfjöllun um málþing og morgunverðarfundi á bls. 13.

Nokkrar fagdeildir hafa komið að gerð ályktana og umsagna á vegum félagsins auk eftirfylgni með þeim, svo sem með þátttöku á fundum og fjölmiðlaumfjöllun en nánari upplýsingar um störf fagdeilda eru í skýrslum þeirra á heimasíðu félagsins. Landshlutadeildirnar eru fimm; Suðurland, Norðurland, Austurland, Vesturland og Suðurnes. Þær hafa ekki verið virkar síðast liðin ár en deildin á Suðurlandi hélt fræðslufund 2. febrúar 2023 þar sem tækifæri gafst til að skiptast á upplýsingum og efla tengslanetið. Nánari upplýsingar um störf fagdeilda og landshlutadeilda eru að finna í ársskýrslum þeirra.

Starf nefnda FÍ starfsárið 2022-2023

Í Félagsráðgjafafélagi Íslands eru tvær fastanefndir, siðanefnd og vísindanefnd. Siðanefnd stóð fyrir umræðustofu á Félagsráðgjafafingi í febrúar 2023 og vannur að undirbúningi vinnusmiðju í haust. Verkefni Vísindanefndar fólust í umsýslu með umsóknir og úthlutun styrkja úr B-hluta sjóðsins auk greiðslu A-hluta í samstarfi við skrifstofu félagsins. Sex félagsráðgjafar hlutu styrk úr B-hluta Vísindasjóðs. Í skýrslum nefndanna má sjá yfirlit yfir störf þeirra á starfsárinu.

Starf aðgerðahóps FÍ starfsárið 2022-2023

Á aðalfundi Félagsráðgjafafélags Íslands (FÍ) 2022 var ákveðið að skipa aðgerðahóp sem hefur meðal annars það hlutverk að hvetja félagsráðgjafa til þess að láta til sín taka í samfélagsmálum. Leitaði FÍ til aðgerðahópsins vegna Alþjóðadags félagsráðgjafar 21. mars 2023 en að þessu sinni voru skilaboð Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa (IFSW): *Virðum fjölbreytileika með sameiginlegum félagslegum aðgerðum*. Aðgerðahópurinn skipulagði dagskrá í tilefni alþjóðadagsins og var sammála um að vekja athygli á alvarlegri stöðu í húsnæðismálum og áhrifum hennar á viðkvæma hópa sem félagsráðgjafar hitta í sínum daglegu störfum. Leitað var til félagsráðgjafa um að senda örsögur úr starfi og bærust alls 25 sögur frá félagsráðgjöfum sem starfa innan margvíslegra sviða félagsráðgjafar. Félagsráðgjafar hittust á Austurvelli og afhentu Guðmundi Inga Guðbrandssyni, félags- og vinnumarkaðsráðherra, og Ingibjörgu Isaksen, formanni þingflokks Framsóknarflokksins í fjarveru Sigurðar Inga Jóhannssonar innviðaráðherra, áskorun frá Félagsráðgjafafélagi Íslands og örsögur.

2. Fundir og móttökur

Fundir stjórnar

Stjórn fundar að jafnaði mánaðarlega á miðvikudögum, tvo tíma í senn. Einnig hefur stjórn samskipti í gegnum síma og tölvupóst varðandi einstaka málefni. Það voru haldnir níu stjórnarfundir á þessu starfsári og tveir aukafundir í tengslum við ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Fundirnir voru flestir rafrænir en sumir voru einnig á staðnum. Starfsdagur stjórnar var haldinn 17. janúar 2023.

Aðalfundur Félagsráðgjafafélags Íslands 2022

Aðalfundur Félagsráðgjafafélags Íslands var haldinn 26. apríl í fundarsal BHM Borgartúni 6 og í fjarfundi. Alls tóku 18 félagsráðgjafar þátt í fundinum, 12 voru mættir á staðinn og 6 í fjarfundi. Á fundinum voru skýrslur stjórnar og nefnda lagðar fram, ársreikningar félagsins kynntir auk fjárhagsáætlunar og starfsáætlunar. Lagt var til að stéttarfélagsgjaldið lækkaði um 0,2% og yrði 1,0% og óbreytt fagfélagsgjald kr. 16.000,- á ári, sem var samþykkt. Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum. Kosið var í þrjár stöður í stjórn félagsins. Þrír stjórnarmenn gáfu kost á sér til endurkjörs og voru þeir sjálfkjörnir. Kosið var í tvær stöður í Vísindanefnd og þrjár í Siðanefnd til tveggja ára og var sjálfkjörið í báðar nefndir.

Móttaka félagsráðgjafanema og samstarf við Félagsráðgjafardeild HÍ

Félagsráðgjafafélag Íslands leggur áherslu á tengsl við nemendur í félagsráðgjöf og kemur formaður inn í kennslu félagsráðgjafanema sem eru að útskrifast til að kynna félagið og starfsemi þess. Hefur þessi kynning á félaginu gefið góða raun og skila flestir nýútskrifaðir félagsráðgjafar sér inn í félagið að útskrift lokinni. Árlega býður Félagsráðgjafafélag Íslands útskriftarnemum úr Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands (HÍ) í móttöku þar sem þeir undirrita meðal annars eiðstaf félagsráðgjafa. Móttakan var haldin 24. júní 2022 í Borgartúni 6 þar sem stór hluti nema mættu ásamt kennurum deildar, starfsþjálfunarkennurum og stjórn FÍ og tókst afar vel.

Félagsráðgjafapening og fleiri fræðslufundir eru unnir í samstarfi félags og deildar auk þess sem starfsfólk FÍ og deildarforseti Félagsráðgjafardeildar HÍ eru í reglubundnu samstarfi. Formaður og varaformaður FÍ voru í sambandi við stjórn Faró nemendafélags félagsráðgjafanema við HÍ á síðasta starfsári en ekki hefur verið formlegt samstarf á starfsárinu.

Boð fyrir félagsráðgjafa á eftirlaunum

Félagið hélt kaffiboð fyrir félagsráðgjafa sem eru komnir á eftirlaun 6. janúar 2023. Alls mættu 13 félagsráðgjafar sem kunnu vel að meta tækifærið til að hitta félagana og efla tengsl við félagið.

3. Kjara- og vinnumarkaðsmál

Kjaraviðræður

Kjarasamningar við ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélög og samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) voru undirritaðir á árinu 2020 og giltu til 31. mars 2023. Á tímabilinu var unnið að útfærslu og eftirfylgni vegna bókana í samstarfi við önnur félög innan BHM en einnig bókanir sem eingöngu eiga við um FÍ. Þar má sérstaklega nefna að undirritað var samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga í lok árs 2021 um greiðslur vegna áfanga að sérfræðileyfi og unnið er að útfærslu málavogar í félagsþjónustu. Undirbúningur vegna kjaraviðræðna ársins 2023 hófst á vormánuðum 2022 með yfirferð á því sem hefur áunnist í fyrri samningum og

áhersluþætti fyrir 2023. Jafnframt fór af stað undirbúningur á vettvangi BHM um málefni sem eru sameiginleg fyrir aðildarfélög bandalagsins og fól formannaráð formanni BHM að leiða viðræður en lögð var áhersla á að samningur taki við af samningi. Formaður og framkvæmdastjóri hafa tekið þátt í samfloti BHM vegna kjaraviðræðna. Formaður og fulltrúar í stjórn FÍ sóttu námskeið á vegum ríkissáttasemjara í september 2022 til undirbúnings kjaraviðræðna. Gerð var viðhorfskönnun meðal félagsfólks um áherslur fyrir kröfugerð og niðurstöður kynntar í október. Undanfarið ár hefur verið fundað mánaðarlega með trúnaðarmönnum sem gegna mikilvægu hlutverki sem bakhópur fyrir samninganefnd FÍ. Í byrjun árs 2023 fór af stað samflot BHM, BSRB og KÍ og voru sameiginlegar viðræður við ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga sem endaði með rammksamkomulagi aðila undirritað í lok mars og byrjun apríl 2023. Í kjölfarið hófu aðildarfélög BHM viðræður við aðila, hvert í sínu lagi og í samstarfi við önnur félög. FÍ undirritaði samkomulag við ríki 3. apríl sem samþykkt var af félagsfólki með 92,59% atkvæða en kosningaþátttaka var 50,59%. Viðræður standa yfir við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga en FÍ er í samfloti með nokkrum félögum heilbrigðisstétta innan BHM. Áætlað er að hefja viðræður við SFV í lok apríl með félögum innan BHM sem eru með sameiginlegan samning. Kjarasamningur FÍ við almenna markaðinn er einnig sameiginlegur við nokkur BHM félög og er sá samningur ekki tímabundinn, heldur endurskoðaður þegar þurfa þykir.

Starfsmat og stofnanasamningar

Starfsmat hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélagunum er viðvarandi verkefni þar sem ný störf koma til eða eldri störf endurmetin. Á starfsárinu var unnið að því í samvinnu við fagdeild skólafélagsráðgjafa, að stofna nýtt starf „skólafélagsráðgjafi“ hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Þrjár stofnanasamningar voru undirritaðir á starfsárinu, þ.e. nýr samningur FÍ við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, endurnýjaður samningur FÍ og sjö annarra félaga innan BHM við Vinnumálastofnun og endurnýjaður stofnanasamningur FÍ við Sjúkrahúsið á Akureyri. Óskað var eftir endurskoðun stofnanasamnings við Barna- og fjölskyldustofu á starfsárinu en samtal hefur ekki hafist.

Vinnumarkaðsmál

Eftirspurn eftir félagsráðgjöfum eykst stöðugt og reglulega berast félaginu beiðnir um að auglýsa störf félagsráðgjafa laus til umsóknar, einnig stjórnendastörf. Hvetur stjórn félagsráðgjafa til þess að sækja um stjórnendastöður þar sem félagsráðgjöf er megininntak starfs svo stéttin hverfi ekki úr stjórnun í félagsþjónustu og barnavernd. Margir nýta sér að auglýsa í gegnum félagið og eru auglýsingar sendar á póstlista félagsins og einnig birtar á Facebook síðu þess. Félagsmenn eru hvattir til þess að fylgjast með atvinnuauglýsingum og koma á framfæri við félagið svo hægt sé að deila þeim á Facebook síðu þess hafi vinnuveitandi ekki óskað eftir auglýsingu frá félaginu. Jafnframt eru félagsmenn hvattir til að halda vöku yfir stöðum þar sem auglýst er eftir ráðgjafa en ekki félagsráðgjafa þar sem félagsráðgjöf er meginverkefni starfs, svo félagið geti sent athugasemdir til vinnuveitandans. Talsvert er um að félagsmenn leiti til félagsins með margvísleg málefni er varðar túlkun á kjarasamningi og vinnuáðstæður.

4. Tímarit félagsráðgjafa

Ritstjórn Tímarits félagsráðgjafa er skipuð tveimur ritstjórum, dr. Jóna Margrét Ólafsdóttir hefur verið ritstjóri ritryndra greina og Eldey Huld Jónsdóttir ritstjóri annars efnis. Chien Tai

Shill félagsráðgjafi hefur verið með þeim í ritstjórn. Steinunn Bergmann, formaður FÍ er ábyrgðarmaður tímaritsins. Hefur ritstjórn lagt áherslu á að efla þátttöku félagsmanna í ritun þess með birtingu almennra greina, stuttra fréttu og greina af vettvangi félagsráðgjafar. Hefur gengið vel að fá inn efni í tímaritið eins og fyrri ár. Dreigið hefur úr prentuðu upplagi tímaritsins sem er eftir sem áður aðgengilegt á vefsíðu þess: www.timaritifelagsradgjafa.is.

Leitað er að nýjum ritstjóra ritrýndra greina þar sem Jóna Margrét gefur ekki kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir tímaritið. Eldey Huld lýkur störfum fyrir félagið 1. maí nk. og mun nýr framkvæmdastjóri FÍ taka við ritstjórn annars efnis. Er þeim Jónu Margréti og Eldeyju Huld þakkað fyrir gott starf í þágu tímaritsins.

5. Fagpólitíkin

Umsagnir um þingmál og frumvörp

Stjórn FÍ leggur áherslu á að skrifa umsagnir um þingmál og frumvörp til laga sem félaginu berast. Umsagnarbeiðnir berast oft með mjög litlum fyrirvara og er markmiðið að búið sé að koma þeim í farveg innan þriggja daga þar sem oft á tíðum þarf að leita þekkingar út fyrir stjórn félagsins auk þess sem það er stefna stjórnar að virkja fleiri félagsráðgjafa á þessum fagpólitíska vettvangi. Leitar stjórn til fagdeilda eftir ritun umsagna og eftirfylgd þeirra á fundum málefnanefnda Alþingis ef málefnið snertir sérsvið þeirra. Einnig er kallað til félagsmanna vegna einstakra mála.

Umsagnir voru ritaðar á starfsárinu um eftirtalin 26 þingmál og lagafrumvörp sem liggja fyrir Alþingi Íslands eða eru í undirbúningi:

- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980 (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð). 152. Löggjafarþing 2021-2022. Þingskjal 832 - 590. mál. Stjórnarfrumvarp
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, með síðari breytingum (afglæpavæðing vörslu neysluskamta). 153. Löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 5 — 5. mál.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við frumvarp til laga um breytingu á barnalögum og lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna (einföldun regluverks). 153. Löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 8 — 8. mál.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um sveigjanlega tilhögun á fæðingar- og foreldraorlofi. 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 215 - 214. mál.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við áform mennta- og barnamálaráðuneytis um frumvörp til nýrra heildarlaga um skólaþjónustu og nýja þjónustustofnun sem eru til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um umboðsmann sjúklinga. 152. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 211 – 210. mál.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 49 – 49. mál.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum. 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 113 – 113. mál.

- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007 (greiðslutímabil endurhæfingarlífeyris). 153. Löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 508 - 435. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við áform um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (heimilisofbeldi og miðlun upplýsinga) og drög að þingsályktun um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum sem liggur fyrir í samráðsgátt stjórnvalda.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við drög að breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn (hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna ríkisins). Mál nr. 106/2022.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við áform um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 (heimilisofbeldi og miðlun upplýsinga).
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við drög að tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027. 153. löggjafarþing 2022/2023. Þingskjal x – x. mál. Stjórnartillaga.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við drög að þingsályktun um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2023-2027.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna nr. 55/1996 (geymsla og nýting fósturvísa og kynfrumna).
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við áform um frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála sem liggur fyrir í samráðsgátt stjórnvalda.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1949 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs). 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 35 – 35. mál.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna). 153. Löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 72 - 72. mál.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum. 153. Löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 75 - 75. mál.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026. 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 1212 - 795. mál.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 126 - 126. mál.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um samkenndarþreytu og tillögur að úrræðum. 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 209 – 208. mál.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um ókeypis fræðslu og þjálfun foreldra barna með ADHD. 153. Löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 356 - 344. mál.

- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2023-2027. 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 1351 - 860. mál. Stjórnartillaga.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum fyrir árin 2023-2027. 153. löggjafarþing 2022/2023. Þingskjal 1329 – 857. mál. Stjórnartillaga.

Í kjölfar umsagna tók félagið þátt í fjölmörgum rafrænum fundum allsherjar- og menntamálanefndar og velferðarnefndar Alþingis.

Ályktanir og umsagnir um skýrslur og stefnumál

Stjórn FÍ leggur jafnframt áherslu á að skrifa umsagnir um reglugerðir, skýrslur og stefnumál á vegum ráðuneyta auk þess að setja fram yfirlýsingar, áskoranir eða ályktanir um álitamál. Oft á tíðum þarf að leita þekkingar út fyrir stjórn félagsins auk þess sem það er stefna stjórnar að virkja fleiri félagsráðgjafa á þessum fagpólítiska vettvangi. Leitar stjórn til fagdeilda ef málefnið snertir sérsvið þeirra.

Á starfsárinu voru ritaðar tvær umsagnir við drög að reglugerðum auk þess sem félagið setti fram ályktun, yfirlýsingu og ályktun:

- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við drög að reglugerð um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna, sem unnin er af mennta- og barnamálaráðuneytinu.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við drög að nýrri reglugerð um meðferð umsókna þriðja-ríkisborgara um starfsleyfi og sérfræðileyfi skv. lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, sem unnin er af heilbrigðisráðuneytinu.
- Ályktun Félagsráðgjafafélags Íslands varðandi brottvísun flóttafólks frá Íslandi 23. maí 2022.
- Yfirlýsing Félagsráðgjafafélag Íslands, Iðjubjálfafélag Íslands, Sálfræðingafélag Íslands og Þroskaþjálfafélag Íslands vegna handtöku og brottvísunar fatlaðs manns 8. nóvember 2022 þar sem tekið var undir yfirlýsingu Landsamtakanna Þroskahjálpar frá 3. nóvember um framkvæmd brottvísunar fatlaðs flóttamanns.
- Áskoranir Félagsráðgjafafélags Íslands til stjórnvalda í tilefni af Alþjóðadegi félagsráðgjafa 2023 – tryggjum viðunandi húsnæði fyrir öll, 21. mars 2023.

Fundir með ráðherrum, fulltrúum ráðuneyta og stjórnendum í velferðarþjónustu

Formaður FÍ átti fund með Jónu Guðnýju Eyjólfsdóttur skrifstofustjóra í Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu 2. nóvember 2022 þar sem rætt var um ýmiss mál tengd félagsráðgjöf sem eru á döfinni hjá ráðuneytinu.

Formaður FÍ fundaði með Eygló Harðardóttur verkefnastjóra hjá Embætti ríkislögreglustjóra 13. janúar til að ræða heimilisofbeldismál og aðkomu félagsráðgjafa að þeim málaflökki.

Formaður FÍ átti fund með Ester Petru Gunnarsdóttur lögfræðingi í heilbrigðisráðuneyti 30. janúar 2023 vegna reglugerðar nr. 10888/2012 um menntun, réttindi og skyldur félagsráðgjafa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi.

Formaður FÍ fundaði með Willum Þór Þórssyni heilbrigðisráðherra og sérfræðingum ráðuneytisins 1. febrúar 2023 til að ræða aðkomu félagsráðgjafa að endurhæfingu og samtalsmeðferð sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafar hittust á Austurvelli í tilefni af Alþjóðadegi félagsráðgjafar 21. mars 2023 og afhentu Guðmundi Inga Guðbrandssyni, félags- og vinnumarkaðsráðherra, og Ingibjörgu Isaksen, formanni þingflokks Framsóknarflokksins í fjarveru Sigurðar Inga Jóhannssonar innviðaráðherra, áskorun frá Félagsráðgjafafélagi Íslands og örsögur.

6. Erlent samstarf

NSSK (Nordisk socionomers samarbets komité)

Félagsráðgjafafélag Íslands er aðili í NSSK, norrænum samtökum félagsráðgjafafélaga. Samtökin funda tvisvar á ári, að vori og haust, tvö ár í senn í sama landi en fundað var í Þórshöfn Færeyjum dagana 22. til 23. september 2022 þar sem fjallað var um græna félagsráðgjöf, menntun, mönnun og vinnuáðstæður auk heimsóknar til velferðarþjónustunnar í Færeyjum, Almannaverkið (www.av.fo). Noregur tók við formennsku samtakanna fyrir árin 2023-2024 og var fundað í Osló dagana 16. og 17. mars 2023 þar sem Rory Truell ritari Alþjóðasamtaka Félagsráðgjafa (IFSW) og Ana Radulesco varaformaður IFSW og formaður evrópudeildar IFSW mættu á staðinn og ræddu um alþjóðastarfið með áherslu á stuðning við ríki á átakasvæðum, þ.e. Úkraínu, Afganistan, Trykkland og Sýrland. Þá var fundað rafrænt með Pia Tham prófessor við Háskólann í Gavle, Svíþjóð og Steinunni Hrafnadóttur prófessor við Félagsráðgjafardeild HÍ um stöðu rannsóknarverkefnis en NSSK samdi við rannsóknarteymi um framkvæmd rannsóknar á vinnuumhverfi félagsráðgjafa á Norðurlöndunum. Áætlað er að senda könnunina til félagsfólks haustið 2023.

IFSW (International Federation of Social Workers) og IFSW Europe

Félagsráðgjafafélag Íslands er meðlimur í IFSW og IFSW Europe en samtökin skipuleggja m.a. heimsráðstefnu félagsráðgjafa, Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa og alþjóðadag félagsráðgjafa sem fagnað er þriðja þriðjudag í mars ár hvert. Í tengslum við ráðstefnurnar eru haldnir fulltrúaráðsfundir með þátttöku aðildarfélaga. Evrópuráðstefnan verður haldin í Prag dagana 21. til 24. maí 2023 og verður Evrópudeildin með fund áður en ráðstefnan hefst.

Alþjóðasamtökin og Evrópusamtökin lögðu áherslu á að styðja við aðildarfélög sín vegna þeirra aðstæðna sem sköpuðust vegna heimsfaraldurs COVID-19 og hafa áfram staðið fyrir fjölmörgum rafrænum fræðslufundum á tímabilinu 2022 til 2023.

Formaður FÍ tók þátt í fundi Evrópusamtaka félagsráðgjafa í gegnum fjarfundarforritið zoom en fundurinn var haldin í Berlín dagana 28. til 30. október 2022. Þátttakendur voru frá 20 löndum en auk Íslands voru þátttakendur frá Frakklandi, Grikklandi og Írlandi á zoom.

Norræn samtök háskólabandalaga

Formaður FÍ sótti málþing norrænu háskólasamtakanna í Helsinki dagana 1. til 2. september 2022 þar sem fjallað var um menntun og eflingu símenntunar, vinnumarkað og réttindi þeirra sem velja verktakavinnu og grænar áherslur fyrir Evrópu. Varaformaður BHM fjallaði um mikilvægi þess að hraða aðgerðum í þágu umhverfisverndar.

7. Fræðsla og ráðstefnur

Félagsráðgjafaping 2022 – seinni hluti

Þar sem ekki tókst að halda níunda Félagsráðgjafapingið 18. febrúar 2022 með hefðbundnum hætti, var boðið upp á rafræna dagskrá með lykilyrirlesurum en málstofum frestað og boðað til framhaldspings 13. maí 2022. Yfirskrift þingsins 2022 var, *Félagsráðgjöf: farsæld, samþætting og sjálfbærni* og tókst rafræna dagskráin vel, alls fylgdust 207 skjáir með útsendingunni og voru allt að 20 félagsráðgjafar saman að horfa. Framhaldspingið tókst vel þar sem í boði voru 17 áhugaverðar málstofur og voru um 250 þátttakendur. Endað var á móttöku í boði félagsins og Vísindasjóðs.

Almannatengslafyrirtæki sá um samskipti við fjölmiðla líkt og fyrr en tekin voru upp viðtöl við formann FÍ og nokkra sem voru með erindi á málstofum og birt á facebook síðu félagsins. Hvorki tókst að ná athygli fjölmiðla á rafrænu dagskránni eða málstofunum 13. maí en formaður FÍ ritaði grein sem birt var á visir.is. Þátttakendur fengu gjöf í tilefni þingsins, margnota innkaupapoka með áletruðu merki félagsins.

Félagsráðgjafaping 2023

Félagsráðgjafapingið var á sínum stað 17. febrúar 2023 og sem fyrr í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ og Ís-Forsa. Yfirskrift þingsins var *Vinnuumhverfi, valdefling og tækni* og var dagskráin fjölbreytt. Tókst þingið afar vel og voru alls 388 skráðir þátttakendur. Dagskráin hófst með ávarpi formanns FÍ og tilkynningu formanns Vísindanefndar FÍ um styrkveitingar úr Vísindasjóði en alls hlutu sex félagsráðgjafar styrki. Síðan tóku við lykilyrirlesarar sem voru þrír, tveir komu hingað til lands en einn var með rafrænt erindi frá Svíþjóð. Dagskránni fyrir hádegi lauk með erindi Guðmundar Inga Guðbrandssonar, félags- og vinnumarkaðsráðherra sem fór yfir það helsta sem er á döfinni í ráðuneytinu í þeim málaflokkum sem snerta félagsráðgjöf. Lykilyrirlesarar voru:

- Pia Tham, prófessor í félagsráðgjöf við háskólann í Gävle, Svíþjóð sem fjallaði um niðurstöður rannsókna á vinnuumhverfi félagsráðgjafa sem hún hefur rannsakað um tveggja áratuga skeið.
- Bengt Andersson, verkefnastjóri hjá Norrænu velferðarmiðstöðinni sem ræddi um þróun velferðartækni í velferðarþjónustu og áhrif á starfsumhverfi félagsráðgjafa.
- Ana Radulescu, formaður Evrópudeildar Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa (IFSW Europe) sem sagði frá starfi sínu á landamærum Úkraínu og Rúmeníu eftir innrás rússneska hersins í Úkraínu.

Eftir hádegi tóku við 18 málstofur þar sem félagsráðgjafar fjölluðu um fjölbreytt verkefni á vettvangi auk rannsókna, sem endurspeglar þá grósku sem býr innan stéttarinnar. Dagurinn endaði með móttöku í boði félagsins og Vísindanefndar.

Almannatengslafyrirtæki sá um samskipti við fjölmiðla sem fyrr og voru tekin upp viðtöl við formann FÍ, lykilyrirlesara og nokkra sem voru með erindi á málstofum, sem voru birt á facebook síðu félagsins. Tvær málstofur náðu athygli fjölmiðla og voru viðtöl í Mannlega þættinum og Samfélaginu á Rás1. Stjórn FÍ ákvað að félagsmenn FÍ fengu gjöf í tilefni þingsins, margnota innkaupapoka og endurskinsmerki með áletruðu merki félagsins.

Málþing

Þann 3. nóvember 2022 var haldið málþing á Hótel Natura og í streymi um *Kerfisbreytingar innan skóla til að takast á við aðlögun barna sem hafa upplifað áföll*. Var það haldið að frumkvæði Fagdeildar í fræðslu- og skólafélagsráðgjöf í samstarfi við Félagráðgjafardeild HÍ og FÍ. Lykilfyrirlesari var Dr. Todd I. Herrenkohl sem var með erindið *Trauma-Informed Programs and Practices for Schools*. Hrefna Björk Karlsdóttir fjallaði um Áföll í lífi skólabarns og mikilvægi þverfaglegs samstarfs. Guðrún Ebba Ólafsdóttir fjallaði um Áfallamiðað skólustarf – Griðastaður. Dr. Sigrún Harðardóttir fjallaði um Áskoranir og tækifæri í skólum. Hvað sýna rannsóknir? Að lokum fjallaði Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra um innleiðingu farsældarlaga. Málþingið var vel sótt en skráðir voru 140 þátttakendur og 167 fylgdust með í streymi á facebook síðu félagsins þar sem upptaka er aðgengileg og áhorf komið í 302.

Málþing var haldið 24. nóvember 2022 á Grand hótél Reykjavík í samstarfi við fagdeild fjölmenningsráðgjafa. Yfirskrift málþingsins var Heimurinn er hér þar sem fjallað var um tækifæri og áskoranir sem hafa skapast vegna gífurlegrar fjölgunar flóttafólks hér á landi á síðasta ári. Hófst það með ávarpi Guðmundar Inga Guðbrandssonar félags- og vinnumarkaðsráðherra. Fyrirlesarar voru Nichole Leigh Mosty þáverandi forstöðumaður Fjölmenningsarseturs, Nadía Borisdóttir félagsráðgjafi, þá verkefnastjóri hjá Fjölmenningsarsetri, Dagný Baldvinsdóttir hjúkrunarfræðingur hjá HH, María Kristjánsdóttir félagsráðgjafi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Anna Marit Níelsdóttir félagsráðgjafi og deildarstjóri á Velferðarsviði Akureyrarbæjar, Dagbjört Ásbjörnsdóttir sérfræðingur hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur, Ægir Örn Sigurgeirsson félagsráðgjafi og deildarstjóri hjá Fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðarbæjar, Guðlaug Hrönn Pétursdóttir félagsráðgjafi og deildarstjóri hjá Vinnumálastofnun og Guðrún Margrét Guðmundsdóttir sérfræðingur hjá ASÍ. Fundarstjóri var Þórður Snær Júlíusson þá blaðamaður á Kjarnanum, nú ritstjóri Heimildarinnar. Málþingið var vel sótt en alls voru 140 skráðir þátttakendur og 15 fylgdust með í streymi á facebook síðu félagsins þar sem upptaka er aðgengileg og þegar komið í 432 áhorf.

Morgunverðarfundur

Aðventufundur félagsins var 9. desember 2022 á Grand hótél Reykjavík í tengslum við alþjóða mannréttindadaginn sem er 10. desember ár hvert. Fundurinn var haldin í samvinnu við fagdeildir félagsráðgjafa í félagsþjónustu og málefnum fatlaðra, yfirskrift fundarins var „Tækifæri fyrir öll“. Ákveðið var að beina sjónum að málefnum fatlaðs fólks er varðar tækifæri til þátttöku og virkni í samfélaginu sérstaklega hvað varðar nám og starf. Fyrirlesarar voru Anna Sigrún Ingimarsdóttir félagsráðgjafi og doktorsnemi í fötlunarfræðum, Unnur Helga Óttarsdóttir formaður Þroskahjálpar, Héðinn Unnsteinsson formaður Geðhjálp, Margrét Lilja Arnheiðardóttir formaður Sjálfsbjargar, Guðlaug Svala Kristjánsdóttir verkefnastjóri hjá Einhverfusamtökunum, Þóra Kemp teymisstjóri Virkni húss Reykjavíkurborgar og Elín Ebba Ásmundsdóttir framkvæmdastjóri Hlutverkaseturs. Alls voru 75 þátttakendur en ekki var boðið upp á fjarfund. Dagskráin var mjög þétt og ekki gafst rými fyrir fyrirspurnir eða umræður í kjölfar erindanna sem sumum þótti miður. Um er að ræða málefni sem þarf að taka til frekari umræðu innan félagsins.

Samstarf við Endurmenntun HÍ

Endurmenntun býður félagsmönnum FÍ afslátt af tilteknum námskeiðum í samræmi við samstarfssamning FÍ og Endurmenntunar HÍ (EHÍ) frá 2. janúar 2020. Niðurstöður fræðslukönnunar sem EHÍ framkvæmdi meðal félagsmanna í febrúar 2020 sýna að þau námskeið EHÍ sem vekja áhuga þeirra sem svöruðu könnunni fjalla um sálgæslu og áfallahjálp,

lausnamiðaða nálgun en um helmingur, áhrif svefnleysis á heilsu og áfallastjórnun á vinnustað, núvitund, teymisvinnu og siðfræði og fagleg gildi. Spurt var um viðfangsefni sem tengjast fagsviðinu sem vekur áhuga svarenda og komu fjölmargar ábendingar um efni. Niðurstöðurnar munu gagnast fyrir fræðsluáætlun félagsins.

8. Tillögur og áætlanir um störf félagsins 2023-2024

Eins og skýrsla stjórnar gefur til kynna hefur Félagráðgjafafélag Íslands staðið fyrir mörgum verkefnum á liðnu ári og heldur vinna við sum verkefni áfram á komandi starfsári, s.s. eftirfylgni vegna kjarasamninga, efling faglegrar ímyndar félagráðgjafa og innleiðing Signs of Safety innan barnaverndar.

Félagráðgjafafélag er orðið fastur liður í dagskrá félagsins og hefst undirbúningur fyrir þing ársins 2024 strax á vormánuðum 2023. Nefndir og deildir sem starfa innan Félagráðgjafafélags Íslands gegna lykilhlutverki í faglegu starfi félagsins og verður lögð áhersla á að efla störf þeirra.

Kjaramálin munu taka mikið rými á starfsárinu sem endra nær, FÍ undirritaði samning við ríki í apríl en viðræður standa yfir við aðra viðsemjendur. Áhersla verður á vinnu vegna verkáætlana með kjarasamningum en byggt er á rammisamningum heildarsamtaka um skammtímasamninga til 12 mánaða. Á tímabilinu verður unnið að þáttum í sameiginlegri verkáætlun BHM, BSRB og KÍ, svo sem varðandi innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar, endurskoðun á veikindakafla og bakvaktir og mun félagið fylgja málum eftir inn í það samstarf og innan BHM. Þá verður áfram vinna á grundvelli bókana vegna álags í starfi félagráðgjafa og áföngum að sérfræðileyfi auk vinnu við stofnanasamninga og starfsmat. Áfram verður unnið að því að útfæra Málavog í félagsþjónustu í samstarfi við nokkur sveitarfélög á komandi starfsári. Undanfarin ár hafa verið mánaðarlegir rafrænir fundir með trúnaðarmönnum og munu þeir gegna mikilvægu hlutverki vegna eftirfylgni við kjarasamninga 2023 og undirbúningi kjarasamninga 2024. Einnig verður vinna við endurskoðun stofnanasamninga og mögulega nýja samninga.

Áfram þarf að huga að innra starfi félagsins og vinnuáætlun stöðu starfsfólks en vegna slæmra loftgæða í húsnæði verður áfram lögð áhersla á fjarvinnu. Undanfarin ár hefur verið til skoðunar að finna hentugt húsnæði fyrir BHM og aðildarfélög. Lögð verður áhersla á að birta fréttir úr starfi félagsins og viðburði á vefsíðu þess auk þess að birta efni á samskiptamiðlum. Áfram verður lögð áhersla á að starfsemi fagdeilda og landshlutadeilda.

Vinna þarf áfram með ímynd félagráðgjafar, vinnuumhverfi og vinnuálag. Leita þarf eftir áframhaldandi umræðu meðal félagsmanna um hlutverk siðanefndar og leiða til að efla málsvarahlutverk félagráðgjafa og verður leitað til aðgerðahóps félagsins í þeirri vinnu. Stefnt verður að því að halda vinnustaðafundi með félagsfólki þar sem starfa fimm eða fleiri. Áfram verður áhersla á að taka virkan þátt í starfsemi Bandalags háskólanna (BHM) svo sem á formannaráðsfundum, fulltrúaráðsfundum og setu í margvíslegum nefndum á vegum þess. Auk þátttöku í eftirfylgni kjarasamninga 2023 og undirbúningi kjarasamninga 2024.

Félagið mun fylgjast áfram með lagafrumvörpum, þingsályktunum og öðrum aðgerðum stjórnvalda sem snerta félagráðgjöf, auk þess að fylgjast með innleiðingu nýrra laga um farsæld barna. Einnig verður óskað eftir fundum með yfirmönnum í velferðarþjónustu og

ráðherrum, svo sem félags- og vinnumarkaðsráðherra, heilbrigðisráðherra, mennta- og barnamálaráðherra, innviðaráðherra og dómsmálaráðherra. Halda þarf áfram samtali við VIRK vegna þjónustu sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa sem sinna meðferð og við Heilbrigðisráðuneytið vegna niðurgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands á samtalsmeðferð félagsráðgjafa.

Þátttaka félagsins í norrænu samstarfi NSSK heldur áfram og í starfi Evrópusamtaka félagsráðgjafa (IFSW Europe) og Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa (IFSW). Fundað er tvisvar á ári í norræna samstarfinu auk árlegra funda með Evrópusamtökunum en áformað er að þeir fundir verði staðfundir á starfsárinu.

Að endingu er félagsmönnum bent á að þeir geta alltaf komið hugmyndum sínum á framfæri við stjórn félagsins sem tekur þær til umfjöllunar á fundum sínum.

f.h. stjórnar FÍ

20. apríl 2023

Steinunn Bergmann

formaður